



Forsætisnefnd

***Breyting á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar***

Meðfylgjandi er tillaga að breytingum á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar vegna breytinga á verkefnum forsætisnefndar þar sem málefni umboðsmanns borgarbúa eru felld út. Borgarstjórn hefur á fundi sínum 3. október sl. samþykkt breytingar á samþykkt fyrir stjórnkerfis- og lýðræðisráð og samþykkt fyrir umboðsmann borgarbúa vegna breyttrar stjórnskipulegrar stöðu umboðsmannsins.

Í ljósi þeirrar samþykktar er nú gerð tillaga að því að 5. töluliður þar sem fram kemur að forsætisnefnd hafi umsjón með starfsemi umboðsmanns borgarbúa er felldur út. Aðrar breytingar eru ekki gerðar á greininni enda hafa ekki verið gerðar frekari breytingar á verkefnum forsætisnefndar af þessu tilefni. Bent er á að í 4. tölulið er að finna heimildir til forsætisnefndar til að fjalla um álitamál varðandi málsmeðferð í stjórnsýslu og stjórnkerfi Reykjavíkurborgar. Þær heimildir varða að sjálfsögðu verkefni forsætisnefndar og eru með öllu ótengdar stjórnkerfis- og lýðræðisráði og umboðsmanni borgarbúa.

Breytingin þarf staðfestingu borgarstjórnar í tveimur umræðum sbr. ákvæði 18. gr. sveitarstjórnarlaga, staðfestingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og birtingu í Stjórnartíðindum.

Helga Björk Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:

Tillaga að breytingum á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

**Breyting á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar  
og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013**

50. gr.  
*Forsætisnefnd.*

Forseti og varaforsetar borgarstjórnar skipa forsætisnefnd og stýrir forseti starfi nefndarinnar.

Nú á framboðslisti sem fær kjörinn fulltrúa í borgarstjórn ekki fulltrúa í forsætisnefnd skv. 1. málsl. og skal hann þá tilnefna borgarfulltrúa úr sínum röðum sem áheyrnarfulltrúa í forsætisnefnd með málfrelsi og tillögurétt.

Forsætisnefnd heldur að jafnaði fundi tvisvar í mánuði. Boða skal til aukafunda eftir þörfum. Forseti borgarstjórnar boðar til funda forsætisnefndar og ákveður dagskrá í samráði við framkvæmdastjóra nefndarinnar.

Verkefni forsætisnefndar eru sem hér segir:

1. Skipuleggur starf borgarstjórnar.
2. Hefur umsjón með alþjóðasamstarfi borgarstjórnar.
3. Fjallar um tillögur að breytingum á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar og samþykktum fyrir einstakar nefndir.
4. Fjallar um álitamál varðandi málsmeðferð í stjórnsýslu og stjórnkerfi Reykjavíkurborgar sem til hennar er vísað.

**5. Hefur umsjón með starfsemi umboðsmanns borgarbúa**

6. Setur reglur um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa, sbr. einnig IV. kafla.
7. Ákveður móttökur á vegum borgarinnar.
8. Fjallar um önnur þau mál sem forseti leggur fyrir hana eða aðrir nefndarmenn, áheyrnarfulltrúar eða skrifstofustjóri borgarstjórnar óskar að ræða.

Skrifstofa borgarstjórnar annast umsýslu fyrir forsætisnefnd, þ.m.t. ritun fundargerða og er skrifstofustjóri borgarstjórnar framkvæmdastjóri forsætisnefndar.

50. gr. samþykktarinnar breytist þannig að 5. tl. dettur út og orðast nú svo:

50. gr.  
*Forsætisnefnd.*

Forseti og varaforsetar borgarstjórnar skipa forsætisnefnd og stýrir forseti starfi nefndarinnar.

Nú á framboðslisti sem fær kjörinn fulltrúa í borgarstjórn ekki fulltrúa í forsætisnefnd skv. 1. málsl. og skal hann þá tilnefna borgarfulltrúa úr sínum röðum sem áheyrnarfulltrúa í forsætisnefnd með málfrelsi og tillögurétt.

Forsætisnefnd heldur að jafnaði fundi tvisvar í mánuði. Boða skal til aukafunda eftir þörfum. Forseti borgarstjórnar boðar til funda forsætisnefndar og ákveður dagskrá í samráði við framkvæmdastjóra nefndarinnar.

Verkefni forsætisnefndar eru sem hér segir:

1. Skipuleggur starf borgarstjórnar.
2. Hefur umsjón með alþjóðasamstarfi borgarstjórnar.
3. Fjallar um tillögur að breytingum á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar og samþykktum fyrir einstakar nefndir.
4. Fjallar um álitamál varðandi málsmeðferð í stjórnsýslu og stjórnkerfi Reykjavíkurborgar sem til hennar er vísað.
5. Setur reglur um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa, sbr. einnig IV. kafla.
6. Ákveður móttökur á vegum borgarinnar.
7. Fjallar um önnur þau mál sem forseti leggur fyrir hana eða aðrir nefndarmenn, áheyrnarfulltrúar eða skrifstofustjóri borgarstjórnar óskar að ræða.

Skrifstofa borgarstjórnar annast umsýslu fyrir forsætisnefnd, þ.m.t. ritun fundargerða og er skrifstofustjóri borgarstjórnar framkvæmdastjóri forsætisnefndar.